REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, með áorðnum breytingum.

1. gr.

19. gr. orðist svo:

Þegar námsmaður hefur fengið aðstoð sjóðsins sem svarar 5 aðstoðarárum og sækir enn um aðstoð ber honum að gera sérstaka grein fyrir námsframvindu sinni fram að þeim tíma og leggja fram áætlun um nám sitt þar til því lýkur. Er þá mál hans lagt fyrir sjóðstjórn. Frávik frá námsáætlun sem hefur áður verið samþykkt skv. 5 ára reglu skulu einnig lögð fyrir sjóðstjórn. Námsmaður sem skiptir algerlega um námsbraut á rétt á námsaðstoð í samtals 5 ár á háskólastigi, m.ö.o. skv. 1. grein þessarar reglugerðar og 1. gr. laga nr. 72/1982, enda hafi námsframvinda hans verið fullnægjandi á báðum námsbrautunum.

2. gr.

21. gr. orðist svo:

Í úthlutunarreglum skal m.a. tekið tillit til eftirfarandi atriða er varða hagi umsækjanda:

a) Framfærslukostnaðar á námsstað, sem breytist að öðru jöfnu með þróun verðlags og gengis. Sjóðstjórn fylgist einnig með því hvernig þessar tölur þróast í samanburði við launatekjur.
b) Námskostnaðar í viðkomandi námsgrein á námsstað.
c) Lengd árlegs námstíma.
d) Fjölskylduaðstæður námsmanns.
e) Tekna námsmanns og maka hans eða möguleikar á tekjuöflun, t.d. utan árlegs námstíma.
f) Skatta sem námsmaður eða maki greiða á sama tíma og nám eða tekjuöflun fer fram.
g) Aðstöðu sem einhleypur námsmaður nýtur af hálfu foreldra eða kjörforeldra, t.d. húsnæðis.
h) Ferðakostnaðar barna og maka.

Óvígð sambúð er í störfum sjóðsins lögð að jöfnu við hjúskap, ef sambúðaraðilar eiga sameiginlegt lögheimili og hafa átt barn saman eða konan er þunguð eða sambúðin hefur staðið samfleytt í 2 ár.

Í reglum sjóðsins skal á hverjum tíma gæta samræmis milli þess að hvaða leyti námsmanni telst skylt að framfæra maka sem getur ekki aflað tekna og þess sem tekjuhár maki telst leggja til framfæris námsmanns.

3. gr.

26. gr. fellur niður og númer síðari greina breytast til samræmis.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 171/1990 um breytingu á reglugerð nr. 578/1982, um námslán og námsstyrki, með áorðnum breytingum og reglugerð nr. 84/1989 um breytingu á reglugerð nr. 327/1986 um breytingu á reglugerð nr. 578/1982 um námslán og námsstyrki.

Menntamálaráðuneytið, 7. júní 1991.

Ólafur G. Einarsson.

Árni Gunnarsson.